

Stjórnarfundur mánudaginn 3. febrúar kl 1800 í húsnæði ÍSÍ

Mættir eru. Jón Þorberg, Randi, Jóhann G, Ágúst, Valdimar Ólafsson og Darri.

1 LH styrkur

2 LM

3 Valdimar fer yfir fyrirlestur sem er að verða klár og upprifjunarnámskeið

4 Annað, mót þýskalandi, innanhúsleiðari og fjöldi hesta í úrslitum.

1. Formaður og Ágúst segja frá að GDLH fái 300 000 kr í styrk frá LH. Hugmynd frá LH er að peningurinn verði notaður í að gera kynningarmyndband um Gæðingakeppni sem verði hægt að birta alls staðar, eins og t.d. á facebook, youtube, sem mun „poppa“ upp hér og þar á netinu.

2. Undirbúningur fyrir LM, stjórn ætlar að senda út bref til landsdómara til að athuga hverjir hafi áhuga á að dæma LM. Það verður gert facebook hópur með þeim sem hafa áhuga á að vera með .

Svo verður lögð áhersla á að þeir dæmi talsvert saman í vor til að samræma hópinn og æfa mannskapinn.

Upprifjunarnámskeið verða 12 mars kl 1700 í ÍSÍ húsakynnum og 26 mars á Hólum kl 1900.

Ágúst talar um það sé mjög mikilvægt að verði farið vel yfir hvað sem þarf að hafa sérstaklega í huga fyrir LM, koma í veg fyrir allann misskilning. Gera gátlista hvað dómarar vilji ekki sjá.

Nefnir að það sé nauðsynlegt að halda fund sem dýralæknar, járningarmenn og dómarar, yfirdómari og mótsstjórn koma saman og ræða málin og línur verði lagðar, svo allir séu að túlka lög og reglur eins!! Allt of seint að ræða það um morguninn á fyrsta mótsdegi!!

FEIF reglur verða að vera á hreinu.

I collecting hring verði ekki löglegt að hafa þísk í þeim flokkum sem það á við, og alls eingin reiðkennsla eða tilsögn, þessu verði fylgt eftir á þessu móti.

3. Valdimar Ólafsson formaður fræðslunefndar kynnti fyrirlestur með glærusýningu um gæðingarkeppni sem fræðslunefndin er búin að vera að vinna að. Allt frá sögu hestsins til keppni dagsins í dag. Stjórn líst vel á.

Randi kemur með þá hugmynd að það væri sniðugt að bæta við heilum sýningum einnig því við viljum selja hugmyndina um gæðingakeppnina, með því að sýna heilar sýningar átti fólk sig kannski enn betur á því hvað gæðingakeppni sé skemmtilegt keppnisform.

Valdimar fer yfir upprifjunar námskeið, framkvæmd og fyrirkomulag á þeim. Sýnir sem eru notuð á nýdómara og upprifjunarnámskeiðum í prófverkefnum hvernig útreiknugur sé. Hvaða einkunn þyrfti að ná á upprifjunarnámskeiði?, hvað skuli miðað við ? og hvað sé gert ef dómari nái ekki að standast upprifjunar próf ? málin rædd, ekkert ákveðið að svo stöddu.

Valdimar nefnir ef gefið sé gult spjald í sýningu, hve mikið eigi að refsa ef gulu spjaldi sé lift? Ólíkar skoðanir á því innan stjórnar.

4. Gæðingamót í Þýskalandi, komið er samþykki fyrir að það verði haldið frá þjóðverjum.

Innanhús leiðari nánast tilbúinn segir Valdimar, og leiðari fyrir gæðingatölt. Smávægilegar breytingar sem á eftir að fara yfir. Fyrsta innadyra mótið í gæðingakeppni verður 28 febrúar í Fákaseli, mikilvægt að koma leiðaranum út fyrir þann tíma.

Rætt um fjölda hesta í úrslitum, rætt um að hvetja hestamannafélög um að hafa færri hesta í úrslitum 5 hestar sé nóg á minni mótum, svo dæmingin verði betri og sanngjarnari, oft kemur fyrir þegar of margir eru inná vellinum í úrslitum að ekki sé tekið eftir að hestar skili ekki umbeðinni vegalengd á gangtegund sem er mjög hvítleitt fyrir alla aðila.

Fundi slitið.